

Auðkenni ehf.
Ársreikningur 2025

Auðkenni ehf.
Katrínartúni 4
105 Reykjavík

Kt. 521000-2790

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er uppbygging og rekstur innviða þar á meðal á sviði öruggrar auðkenningar, öruggra aðgerða eftir auðkenningu, rafrænna undirskrifa og annarra traustþjónusta ásamt skyldum rekstri.

Rekstur ársins 2025

Rekstrartekjur félagsins námu 951,4 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 110,9 millj. kr. milli ára eða um 13%. Hagnaður félagsins á árinu 2025 nam 26,6 millj. kr. (2024: Tap 65,0 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 615,5 millj. kr. (2024: 588,9 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 948,0 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa á árinu 2026 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu 2025 var rekstur félagsins í meginatriðum í samræmi við áætlanir stjórnar. Starfsemin fólst sem fyrr í þróun og rekstri lausna á sviði rafrænna auðkenninga og tengdrar þjónustu. Afkoma ársins var jákvæð og vöxtur á notkun hefur verið í meginatriðum í takt við áætlanir. Áfram eru áherslur stjórnar á byggja upp burði félagsins til að takast á við auknar kröfur sem eru bæði tæknilega og lagalega eðlis, en innan Evrópu hefur reglubyrði á sviði rafrænna mála aukist gríðarlega.

Auðkenni var upphaflega stofnað árið 2000 en frá árinu 2015 hefur verið mikill vöxtur í notkun rafrænna skilríkja á Íslandi. Þróun rekstrar Auðkennis frá árinu 2015 sýnir að félaginu hefur tekist vel að skala upp reksturinn. Tekjur hafa rúmlega fimmfaldast en á sama tíma hafa gjöld rúmlega tvöfaldast og starfsmannafjöldi þrefaldast. Á tímabilinu hefur notendum skilríkja fjölgað mikið þar sem þeir eru um átta sinnum fleiri og notkun sextánföld frá árinu 2015. Nefna má til samanburðar að samskonar félag á Norðurlöndum með sömu lagaskyldur sem var af svipaðri stærð og Auðkenni árið 2011 er í dag með hátt í 200 starfsmenn sem endurspeglar auknar kröfur til traustþjónustuveitanda í Evrópu. Aukning í notkun rafrænnar auðkenningar og undirritana hefur gert félaginu betur kleift að stunda viðeigandi vöruþróun og standa undir auknum kröfum um þjónustuveitingu. Á síðasta rekstrarári jókst til dæmis notkun Auðkennisappsins umtalsvert, en appið gerir þeim sem eiga erfitt um vik að mæta á skráningarstöðvar sem og Íslendingum búsettum erlendis mögulegt að ýmist fá eða endurnýja rafræn skilríki í sjálfsafgreiðslu á grundvelli gilds vegabréfs.

Félagið hélt á árinu upp á 25 ára afmæli með ráðstefnu um stefnur og strauma í rafrænum auðkennum. Við það tækifæri var skrásett saga félagsins og ljóst að margt áhugavert hefur gerst í uppbyggingu þessara innviða stafrænnar þjónustu í gegnum árin. Sérfræðingar frá Íslandi, Norðurlöndum og Eyststrasalti komu fram á ráðstefnunni og kynntu meðal annars veskislausnir (EU Wallet) sem eru væntanlegar til allra Evrópulanda. Mikil vinna á nú sér stað í að greina og undirbúa þær lausnir í fjölmörgum Evrópulöndum.

Hlutafé er að fullu í eigu Ríkissjóðs Íslands í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórnarhættir

Ríkissjóður Íslands fer með eignarhald ríkissins í Auðkenni ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og almennri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum. Stjórn ræður framkvæmdarstjóra félagsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdasvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdarstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ræður framkvæmdarstjóra félagsins og ákveður starfskjör framkvæmdarstjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Stjórnin leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í nýtingu rafrænna ferla og eru ársreikningar sem og fundargerðir stjórnar rafrænar og rafrænt undirritaðar.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðkennis ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 13. apríl 2026

Stjórn:

Guðrún Birna Finnsdóttir

Einar Mäntylä

Sara Lind Þrúðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Haraldur Agnar Bjarnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Auðkennis ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Auðkennis ehf. („félagið“) fyrir árið 2025 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 13. apríl 2026

KPMG ehf.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Seldar vörur og þjónusta		951.362.690	840.509.655
		<u>951.362.690</u>	<u>840.509.655</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	574.594.513	539.306.812
Annar rekstrarkostnaður		372.250.984	393.975.294
Afskriftir	12	20.623.936	21.838.542
		<u>967.469.433</u>	<u>955.120.648</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(16.106.743)	(114.610.993)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		3.631.577	3.158.662
Matsbreyting markaðsverðbréfa		38.814.389	47.709.630
Vaxtagjöld		(554.918)	(502.777)
Gengismunur		836.810	(710.502)
		<u>42.727.858</u>	<u>49.655.013</u>
Hagnaður (tap) ársins	17	<u>26.621.115</u>	<u>(64.955.980)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Óefnislegar eignir	13	22.125.144	20.743.078
Rekstrarfjármunir	14	11.480.282	21.095.302
Fastafjármunir		<u>33.605.426</u>	<u>41.838.380</u>
Birgðir	7	11.488.149	13.377.089
Viðskiptakröfur	8	133.316.480	105.173.321
Aðrar skammtímakröfur		3.756.943	2.543.199
Fyrirframgreiddur kostnaður		35.909.694	35.138.844
Verðbréfaeign		491.965.347	521.138.058
Handbært fé		83.320.891	38.848.010
Veltufjármunir		<u>759.757.504</u>	<u>716.218.521</u>
Eignir samtals		<u>793.362.930</u>	<u>758.056.901</u>
Eigið fé			
Hlutfé	16	947.999.999	947.999.999
Ójafnað eigið fé		(332.481.455)	(359.102.570)
Eigið fé	17	<u>615.518.544</u>	<u>588.897.429</u>
Viðskiptaskuldir		54.374.067	64.146.816
Fyrirframinnheimtur styrkur		17.549.933	20.199.792
Aðrar skammtímaskuldir		105.920.386	84.812.864
Skammtímaskuldir		<u>177.844.386</u>	<u>169.159.472</u>
Skuldir samtals		<u>177.844.386</u>	<u>169.159.472</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>793.362.930</u>	<u>758.056.901</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	17	26.621.115	(64.955.980)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	12	20.623.935	21.838.542
Matsbreyting markaðsverðbréfa		<u>(38.814.389)</u>	<u>(47.709.630)</u>
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>8.430.661</u>	<u>(90.827.068)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)		1.888.940	(9.602.486)
Skammtíma kröfur, hækkun		(30.127.752)	(17.464.330)
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>8.684.914</u>	<u>4.702.225</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(19.553.898)</u>	<u>(22.364.591)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(11.123.237)</u>	<u>(113.191.659)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í óefnislegum eignum	13	(10.685.503)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	14	(1.705.479)	(5.451.868)
Verðbréfa eign, breyting		67.987.100	76.902.877
Fjárfestingarhreyfingar		<u>55.596.118</u>	<u>71.451.009</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		44.472.881	(41.740.650)
Handbært fé í årsbyrjun		<u>38.848.010</u>	<u>80.588.660</u>
Handbært fé í árslok		<u>83.320.891</u>	<u>38.848.010</u>

Skýringar

1. Félagið

Auðkenni ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Katrínartúni 4 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í uppbyggingu og rekstri innviða þar á meðal á sviði öruggrar auðkenningar, öruggra aðgerða eftir auðkenningu, rafrænna undirskrifa og annarra traustþjónusta ásamt skyldum rekstri.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að markaðsverðbréf eru færð á gangvirði, þ.e. á skráðu markaðsverði í árslok. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

5. Óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru keyptur hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður 5 ár

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og húsbúnaður 3 - 5 ár

7. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist.

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Niðurfærsla krafna nam í árslok 3 millj. kr. (2024: 3 millj. kr.).

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

10. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf eru lausafjársgjöldir hjá fjármálastofnun. Markaðsverðbréf eru færð á skráð gengi í árslok. Matsbreyting er færð í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Skýringar

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	453.230.128	414.855.221
Þóknun til stjórnar	7.576.000	7.280.000
Móttframlag í lífeyrissjóð	64.502.322	60.087.802
Önnur launatengd gjöld	39.328.590	37.851.256
Áfallið orlof, breyting	9.957.473	19.232.533
Laun og launatengd gjöld samtals	574.594.513	539.306.812
Ársverk	29,3	29,7

12. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2025	2024
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 13	9.303.437	9.121.627
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. skýringu 14	11.320.499	12.716.915
	20.623.936	21.838.542

13. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Hugbúnaður
Bókfært verð 1.1.2024.....	29.864.704
Afskriftir ársins	(9.121.627)
Bókfært verð 31.12.2024.....	20.743.078
Viðbót á árinu	10.685.503
Afskriftir ársins	(9.303.437)
Bókfært verð 31.12.2025.....	22.125.144
Afskriftahlutföll	20%

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:	Áhöld, tæki og húsbúnaður
Heildarverð 1.1.2024.....	85.690.212
Viðbót á árinu	5.451.868
Heildarverð 31.12.2024.....	82.571.123
Viðbót á árinu	1.705.479
Selt og niðurlagt á árinu	(39.837.435)
Heildarverð 31.12.2025.....	44.439.167
Afskrifað samtals 1.1.2024.....	57.329.863
Afskriftir ársins	12.716.915
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	61.475.821
Afskriftir færðar út við sölu	(39.837.435)
Afskriftir ársins	11.320.499
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	32.958.885
Bókfært verð 31.12.2024.....	21.095.302
Bókfært verð 31.12.2025.....	11.480.282
Afskriftahlutföll	20%-33%

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Vátryggingaverðmæti rekstrarfjármuna í árslok 2025 nam 294,3 millj. kr. (2024: 185,4 millj. kr).

Skýringar

15. Skatteign

Skatteign greinist þannig:	2025	2024
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	0	0
Skatteign í árslok	0	0
Skatteign skiptist þannig í árslok:		
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	783.742	9.197.537
Viðskiptakröfur	600.000	600.000
Frestaður gengismunur	(64.208)	(106.559)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	49.690.274	86.938.861
Niðurfærsla skatteignar	(51.009.808)	(96.629.839)
Skatteign í árslok	0	0

16. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 948,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

17. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024.....	947.999.999	(294.146.590)	653.853.409
Tap ársins	0	(64.955.980)	(64.955.980)
Eigið fé 31.12.2024.....	947.999.999	(359.102.570)	588.897.429
Hagnaður ársins	0	26.621.115	26.621.115
Eigið fé 31.12.2025.....	947.999.999	(332.481.455)	615.518.544

18. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2025 nam 248,5 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2025 er nýtanlegt sem hér segir:

	2025	2024
Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	0	201.457.636
Skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	87.254.601	87.254.601
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	62.938.801	62.938.801
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	19.982.956	19.982.956
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	63.060.312	63.060.312
Skattalegt tap ársins 2025, nýtanlegt til ársloka 2035	15.214.700	0
Ójafnað skattalegt tap samtals	248.451.370	434.694.306

Skýringar

19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila árið 2025:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Ríkisstofnanir	27.175.736	266.113.565	41.058.241	2.220.034
	27.175.736	266.113.565	41.058.241	2.220.034

Viðskipti við tengda aðila árið 2024:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Ríkisstofnanir	26.178.881	348.127.542	42.352.648	9.738.535
	26.178.881	348.127.542	42.352.648	9.738.535

20. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar um skrifstofuhúsnæðið eru til september og desember 2026. Í samningunum er ekki að finna uppsagnar- eða framlengingarheimildir. Leigusamningurinn um skrifstofuhúsnæðið er verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Rekstrarleigugjöld námu 33,7 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 33,1 millj. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings né mögulegra viðbótargreiðslna af bifreiðaleigu fari notkun umfram tiltekin mörk.

	2025	2024
Afborganir árið 2026/2025	33.749.976	33.141.168
Afborganir árið 2027/2026	0	33.141.168
Rekstrarleigugreiðslur samtals	33.749.976	66.282.336

21. Önnur mál

Samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu í rafrænum viðskiptum skal vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð geyma upplýsingar tengdar starfseminni í hæfilegan langan tíma. Tímalengd varðveislu ræðst af tegund og notkun vottorðsins.

Í héraðsdómsmáli nr. E-6857/2025 hefur Sýn hf. gert kröfu á hendur Auðkenni ehf. um greiðslu að fjárhæð kr. 978.681.357, auk dráttarvaxta. Krafa stefnanda byggir á því að Auðkenni ehf. beri að greiða fyrir SMS-skilaboð sem félagið hafi sent til miðlunar um fjarskiptanet Sýnar hf. Auðkenni ehf. hefur hafnað kröfunni og telur kröfuna tilhæfulausa. Málinu er ólokið við undirritun ársreiknings.